

Reykjavíkurborg
Borgatúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík 31. ágúst 2017
UST201707-146/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi Gufuness

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar er barst 13. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi svæðis í Gufunesi.

Skipulagssvæðið

Í lýsingu kemur fram að skipulagssvæðið er alls 12,5 ha og er fyrsti áfangi í skipulagi Gufunessvæðisins.


Skipulag við ár, sjó og vötn

Umhverfisstofnun tekur undir þá áherslu á aðgengi almennings um göngustíga meðfram ströndinni á skipulagssvæðinu sem fram kemur í þeirri vinningstillögu sem fjallað er um í ofangreindri lýsingu, sbr. gr. 5.3.2.14., Skipulag við vötn, ár og sjó í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 en þar kemur eftirfarandi fram: „Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.“


Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda lýsingu.


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur